

Fundur í stjórn félags náms- og starfsráðgjafa.

Föstudaginn 14. október 2016, kl. 14:00 í Kringlunni

Mættir: Ingibjörg, Unnur, Kristín Birna, Helga og Puríður. Margrét var á skype.

1. Kjararáð grunnskólanna. Ennþá vantar tvo fulltrúa - búið er að auglýsa þessar stöður á póstlista FNS en enginn hefur sótt um. Einnig hefur verið haft persónulega samband við nokkra ráðgjafa og enginn sýnir þessu áhuga.
2. Dagur náms- og starfsráðgjafa ræddur, flott dagskrá komin og er fræðslunefndin að standa sig mjög vel. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fær heiðurviðurkenningu. Allir fyrrverandi formenn eru boðaðir sérstaklega.
3. Verkefni á vegum jafnréttisstofu: Rjúfum hefðirnar - förum nýjar leiðir. Félaginu boðið að vera með og senda einn fulltrúa, Puríður verður okkar tengiliður.
4. Styrkir, búið er að sækja um styrki hjá SEF og Evrópumíðstöðinni
5. NFSY, Margrét er á leiðinni á fund í Finnlandi þar sem hún mun segja örstutt frá því hvað er helst á baugi hjá Íslensku menntastefnu. Hún er búinn að óska eftir auka fundi hjá Finnunum til að fá upplýsingar um hvernig við berum okkur að við að taka við formennskunni næstu þrjú árin. Á aðalfundi í vor munum við stofna sérstaka nefnd til að vinna að þessu verkefni.
6. Á degi náms- og starfsráðgjafa 20. október. Ingibjörg mun senda grein á fjölmiðla. Félagsmenn eru hvattir til að minna á daginn á facebook og setja á vegginn sinn t.d. heilræðin.